

32. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM miðvikudaginn 21. október 2020 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fyrirkomulag funda hreppsnefndar verði fjarfundur, þar sem búnaður ZOOM verði notaður. Vegna þessara sérstöku aðstæðna í þjóðfélaginu, sem orsakast af COVID-19, þá nýtir hreppsnefnd Ásahrepps sér heimild sem auglýst hefur verið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 11. ágúst 2020. Byggir þessi heimild á samþykktu VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem verður í gildi til 10. nóvember 2020.

Þetta fyrirkomulag verði viðhaft á fundum hreppsnefndar svo og annarra fastanefnda Ásahrepps meðan þetta ástand varir og lagaheimildir leyfa. Staðfesting fundargerðar verði framkvæmd með Singnet.is í lok hvers fundar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir enn fremur að heimilað verði að nýta fjarfundabúnað á fundum nefnda, ráða eða stjórna skv. samþykkt um stjórn og fundarskóp Ásahrepps.

Oddviti bar upp tillögu um dagskrárbreytingu, að við bætast tveir dagskrárliður nr. 1.5 og 7.8. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til samþykktar:

1.1. 202. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-127.

Mál nr. 1; Röðull L198895; Deiliskipulag – 2009049.

Lögð er fram umsókn frá Ásahreppi er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Röðuls L198895. Um er að ræða deiliskipulag sem hafði fengið málsmeðferð á grundvelli 41. gr. skipulagslaga en tók aldrei gildi með birtingu í B-deild fyrir mistök sveitarfélagsins. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóðar og byggingarreitar auk byggingarheimilda innan lóðar. Á lóðinni er gert ráð fyrir að samanlögð hámarksstærð gólfhlata megi vera allt að 200 m² og mænishæð megi vera allt að 6 metrar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að deiliskipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags Ásahrepps 2010-2022.

Mál nr. 17; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-127 – 2009001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. september 2020 lagðar fram til kynningar.

1.2. 203. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-128.

Mál nr. 1; Sporðöldulón á Holtamannafrétti, Stækkun námu E16;

Aðalskipulagsbreyting – 2009094.

Lögð er fram umsókn frá Landsvirkjun dags. 24. september 2020 vegna beiðni um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps. Í breytingunni felst að náma E16 vestan Tungnaár um 300 metra sunnan við stíflu Sporðöldulóns verðu stækkuð úr 0,5 í 1,0 ha. og efnismagn hennar aukið úr 10.000 m³ í 20.000 m³. Áætluð aukning á efnismagni er ætlað til viðhalds og viðgerða á stíflum á Þjórsár- og Tungnaársvæði. Náman er staðsett á röskuðu svæði innan iðnaðarsvæðis í gildandi aðalskipulagi og innan deiliskipulags fyrir Búðarhálsvirkjun. Óskað er eftir því að umsótt breyting fái málsmeðferð á grundvelli 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagða umsókn og að hún fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Að mati hreppsnefndar hefur breytingin ekki verulegar breytingar í för með sér á núverandi landnotkun þar sem svæðið er nú þegar skilgreint sem náma innan iðnaðarsvæðis sem er raskað fyrir. Ekki er talið að umrædd breyting hafi veruleg áhrif út fyrir núverandi svæði eða á einstaka aðila. Lagður er fram útfylltur gátlisti frá Skipulagsstofnun er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi til kynningar. Gerð er krafa um að námusvæði verði afgirt þannig að ekki opnast fyrir sauðfé á skilgreint fjárlaust svæði.

Mál nr. 2; Þórisósstífla á Holtamannafrétti; Námur (ein ný);
Aðalskipulagsbreyting – 2010015.

Lögð er fram umsókn frá Landsvirkjun um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Í breytingunni felst að skilgreindar eru fjórar nýjar námur innan aðalskipulags. Þar af eru þrjár eldri námur sem eru þó ekki skilgreindar á aðalskipulagi. Námurnar eru á bilinu 6.500 til 30.000 m² að stærð og er gert ráð fyrir að heimiluð efnistaka innan þeirra sé á bilinu 4.000-30.000 m³. Óskað er eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 36. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Gengið verður frá námunum haustið 2022. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga er varðar breytingu á aðalskipulagi. Hreppsnefnd fellst ekki á að málið geti talist óveruleg breyting á aðalskipulagi. Unnin verði skipulags- og matslýsing fyrir verkefnið þar sem fram koma upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Mál nr. 26; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-128 – 2010001F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. október 2020 lagðar fram til kynningar.

- 1.3. 10. fundur vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.4. 6. fundur stjórnar Lundaar.
Stjórn Lundaar óskar eftir afstöðu sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra gagnvart þeirri hugmynd að stofnuð verði sjálfeignarstofnun um Lund. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að heimila fyrir sitt leyti að skoðað verði í fullri alvöru stofnun sjálfseignarstofnunar um Lund. Þegar tillaga liggur fyrir um samþykktir verða þær kynntar sveitarstjórnnum áður en endanleg afgreiðsla verði gerð. Einnig þarf að skoða framtíðar skipulag fyrir gjafasjóð Lundaar.
- 1.5. Fundargerð 32. fundar stjórnar Odda bs.
2. dagskrárliður fundargerðar þarfnast afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps. Á fundinum var lagður fram viðauki 1 við rekstraráætlun Odda bs 2020. Greinargerð fylgdi viðaukanum. Viðaukinn er að megninu til vegna kjarasamningshækkana á árinu 2020 og er til hækkunar á rekstrargjöldum Odda bs að upphæð kr. 57.500.000. viðaukanum er mætt með hækkun á framlögum sveitarfélaganna en hlutur Rangárþings ytra er kr. 49.448.423 og Ásahrepps kr. 8.051.577.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir viðaukan fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að skila inn viðauka í samstarfi við KPMG. Þessi viðauki verður felldur inn í viðauka 3 við fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2020.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 30. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.2. 46. fundur stjórnar byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Skaft.
- 2.3. 47. fundur stjórnar byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Skaft.
- 2.4. Aðalfundur byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Skaft. sem haldinn var 15. september 2020.
- 2.5. 20. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.
- 2.6. 7. fundur stjórnar Skógasafns.
- 2.7. 8. fundur stjórnar Skógasafns, en fundurinn var jafnframt aðalfundur.
- 2.8. 9. fundur stjórnar Skógasafns.
- 2.9. 11., 12. og 13. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.
- 2.10. Oddvitanevndarfundur UTU, dags. 6. október 2020.
- 2.11. 87. fundur svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarður.
- 2.11. 88. fundur svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarður.
- 2.12. 212. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
- 2.13. 80. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.14. 296. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.15. 207. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.16. 20. fundur stjórnar Bergrisans bs.
- 2.17. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, haldinn 6. október 2020.
- 2.18. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, haldinn 13. október 2020.
- 2.19. 562. fundur stjórnar SASS.
- 2.20. 42. fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
- 2.21. 887. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 2.22. 888. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Endurskoðuð persónuverndaryfirlýsing Ásahrepps.

Lögð fram endurskoðuð persónuverndaryfirlýsing fyrir Ásahrepp. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir endurskoðaða yfirlýsingu og felur sveitarstjóra að birta hana á heimasíðu Ásahrepps.

4. Fjárhagsáætlun 2021 – 2024.

Frumdrög að fjárhagsáætlun Ásahrepps 2021 – 2024 lögð fram og forsendur áætlunargerðar ræddar. Sveitarstjóra falið að vinna áfram með drög að fjárhagsáætlun. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti hefur veitt sveitarfélögum frest til framlagningar fjárhagsáætlunar 2021-2024 til 1. desember n.k. og frest til að ljúka afgreiðslu fjárhagsáætlunar til 31. desember n.k.

5. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps.

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps, dags. 15. október 2020.

6. Erindi E-lista; virkni heimasíðu Ásahrepps.

Fulltrúar E-lista gera athugasemdir við litla notkun á heimasíðu Ásahrepps og að birting efnis sé ábótavant. Fulltrúar E-lista spyrja hvað valdi og hvort von sé á úrbótum?

Sveitarstjóri lagði fram gögn úr gagnakerfi heimasíðu Ásahrepps sem sýna hve mörg innslög hafa verið sett inn á heimasíðu sveitarfélagsins síðustu ár. Þau gögn sýna að 129 innslög voru gerð 2016, 120 innslög árið 2017, 115 innslög 2018, 154 innslög 2019 og 136 innslög sem komið er á árinu 2020. Þessar tölur gefa ekki vísbendingar að heimasíðan sé minna nýtt en verið hefur til upplýsingagjafar. Rétt er þó að áaréttu, að alltaf má gera betur og verður það gert eins og tími og aðstæður leyfa. Varðandi birtingar á fundargerðum byggðasamlaga sem hafa sína eigin heimasíðu ætti að kanna möguleika á birtingu á fundargerðum þar miðlægt til hagræðingar, líkt og gert er hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. Í öðrum tilfellum mun sveitarstjóri birta fundargerðir á sama tíma og gengið er frá afgreiðslum hreppsnefndar, eftir hvern fund. Sveitarstjóra er falið að fá tilboð frá One Systems í fundargerðakerfi fyrir Ásahrepp, en það kerfi myndi auka til muna miðlun upplýsinga til íbúa.

7. Innsend bréf og erindi:

- 7.1. Endurskoðun á afgreiðslu umsóknar Sigríðar Þóru Árdal og Bergsteins Björgólfssonar um styrk vegna uppsetningar varmadælu; Hrútur.
Lagt fram bréf Sigríðar Þóru Árdal og Bergsteins Björgólfssonar þar sem gerðar eru viðbætur á innsendum gögnum frá síðasta fundi. Óskað er eftir að afgreiðsla styrkst til þeirra vegna varmadælu verði endurskoðuð í því ljósi að reikningur fyrir hluta kostnaðar var ekki með í fyrri útreikningi.
Umræða varð um kostnaðarþátttöku við vinnu innanhúss, og samræmi við verklag sem viðhaft var við hitaveituvæðingu sveitarfélagsins. Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna áður en erindið verði afgreitt.
- 7.2. Tölvuskeyti félagsþjónustunnar, dags 23. september 2020; íprótta- og tómsundastyrkur sem veittur er af ríkinu.
Ríkið hefur ákveðið að veita börnum 6-16 ára (grunnskólabörnum) frá tekjulágum heimilum, íprótta- og tómsundastyrk vegna Covid,.
Til að sækja um styrkinn þarf að hafa samband við Félagþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Með umsókn þarf að fylgja útprentuð staðfesting frá „island.is“ um styrkhæfi, en þeir aðilar sem rétt hafa á styrk fá birta tilkynningu inn á sinni „island.is“ síðu.
Hreppsnefnd Ásahrepps fagnar þessu útspili ríkisins og hvetur þá aðila sem rétt hafa á styrk að sækja um, en fyrir þarf að liggja staðfesting á útlögðum kostnaði vegna þátttöku í íprótta- eða tómsundastarfi.
- 7.3. Erindi Hestamannafélagsins Geysis, dags 24. september 2020; beiðni um endurnýjun þjónustusamnings milli Geysis og Ásahrepps.
Lagt fram erindi stjórnar Geysis þar sem óskað er eftir endurnýjun á þjónustusamningi við sveitarfélögin í Rangárvallasýslu, sem rennur út í lok þessa árs.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til viðræðna við Geysi að því gefnu að önnur sveitarfélög í Rangárvallasýslu komi einnig að þeim viðræðum. Niðurstaða viðræðna verði síðan tekin fyrir hjá hreppsnefnd, þegar hún liggur fyrir.
- 7.4. Erindi Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 26. september 2020; sjá. dagsrárlið 3 í fundargerð 296. fundar stjórnar.
Í fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands, sjá dagskrárlið 2.14 þessa fundar, var óskað eftir umræðu og athugasemdum frá aðildarsveitarfélögum um drög að aðgerðaráætlun á Suðurlandskafla endurskoðunar á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturhorninu.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlögð drög.

Guðmundur Gíslason vék af fundi.

- 7.5. Bréf HSK, dags. 12. október 2020; spurningar til sveitarfélaga vegna stuðnings við íþróttastarf á tímum COVID-19.
Lagt fram bréf HSK þar sem bornar eru upp fimm spurningar til sveitarfélaga um aðgerðir og stuðning við íþróttastarf í tengslum við Covid.
Sveitarstjóra falið að svara umræddum spurningum í takt við þá umræðu sem átti sér stað á fundinum.
 - 7.6. Erindi Vegagerðarinnar, dags. 13. október 2020; afstaða hreppsnefndar Ásahrepps til vegtengingar Áshamra.
Lagt fram tölvuskeyti Vegagerðarinnar þar sem lögð er fram sú spurning hvort hreppsnefnd telji nýlagða heimreið að Áshömrum vera í samræmi við skipulag. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir staðsetningu þessarar nýlögðu heimreiðar að Áshömrum og telur hana samræmast aðalskipulagi Ásahrepps.
 - 7.7. Drög að auglýsingu um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu; Fremstatunga.
Lögð fram tillaga að auglýsingu um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu sem lýtur að Fremstutungu. Tillagan hefur verið í mótun í samstarfi við Landsvirkjun. Könnuð hefur verið afstaða forsætisráðuneytis og ekki er gerð athugasemd við orðalag auglýsingarinnar.
Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með Landsvirkjun og auglýsa umrædda lóð lausa til leigu í samstarfi við Landsvirkjun sem hyggst selja eignir sínar á lóðinni.
 - 7.8. Tölvuskeyti Eignarhaldsfélagsins Einhamars ehf, dags. 17. október 2020; fasteignagjöld.
Lagt fram tölvuskeyti Eignarhaldsfélagsins Einhamars ehf þar sem óskað er eftir aðgerðum af hálfu Ásahrepps til að koma til móts við ferðaþjónustufyrirtæki sem hafa orðið fyrir miklu tekjufalli vegna Covid. Óskað er eftir því við sveitarfélagið að koma til móts við þau með einhverjum hætti varðandi fasteignagjöld.
Hreppsnefnd Ásahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu.
- 8. Bréf og erindi til kynningar:**
- 8.1. Tölvuskeyti MAST, dags. 14. september 2020; fækkun umdæma héraðsdýralækna úr 6 í 5.
 - 8.2. Stöðuskýrsla nr. 5 frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19; frá félagsmálaráðuneyti.
 - 8.3. Skýrsla sem unnin hefur verið fyrir SASS, apríl 2020; Kolefnisspor Suðurlands.
 - 8.4. Aðalfundarboð Rangárhallarinnar, frægðarhallar íslenska hestsins ehf, sem haldinn verður 27. október 2020. Ásta B. Ólafsdóttir verður fulltrúi Ásahrepps á fundinum.
 - 8.5. Aðalfundarboð Samtaka orkusveitarfélaga, sem haldinn verður 5. nóvember 2020. Ásta B. Ólafsdóttir verður fulltrúi Ásahrepps á fundinum.

9. Næsti fundur hreppsnefndar.

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn miðvikudaginn 18. nóvember 2020 kl. 8:30.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

Ásta B. Ólafsdóttir
Brynja J. Jónasdóttir
Egill Sigurðsson
Elín Grétarsdóttir
Guðmundur Gíslason
Valtýr Valtýsson

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason